

Fundargerð úthlutunarnefndar, 6. október 2022 kl. 13.00 á Teams.

Mættir voru, Hilda Jana Gísladóttir formaður, Hulda Sif Hermannsdóttir, Sigríður Örvarsdóttir (kemur inn sem varamaður fyrir Ottó Elíasson), Áki Guðmundsson, Preben Jón Pétursson og Thomas Helming.

Starfsmenn SSNE, Ari Páll Pálsson, Hildur Halldórsdóttir og Elva Gunnlaugsdóttir (ritaði fundargerð)

1. Farið yfir hlutverk og skyldur nefndarinnar.

Hildur og Ari Páll fóru yfir hlutverk og skyldur nefndarinnar til að skerpa og á samræma störf nefndarinnar í takt við markmið Sóknaráætlunar.

2. Farið yfir starfsáætlun nefndarinnar; tímalínu funda og næstu skref

Hilda fór yfir tillögur að tímasetningu funda, fundarboð verða send út strax með þeim tímasetningu sem hafa verið ákveðnar. Hildur varpaði fram tímalínu með öllu ferlinu; auglýsingum, rafrænum kynningum, viðveru og fundum.

3. Yfirfara og uppfæra matsblaðið til að tryggja að það sé í takt við áherslur sóknaráætlunar og tillit tekið til óska um breytingar.

Ekki gerð athugasemd við matsblaðið og samþykkt að fara í gegnum þetta úthlutunarferli en skoða svo hvort ætti að hækka vægi umhverfisáherslna eða annarra þátta í matinu að ári.

Samþykkt var að leggja ekki til nýjar áherslur sjóðsins heldur halda áherslu á umhverfismálum frá árinu 2021/2022 inni áherslur sjóðsins.

Yfirfara og uppfæra verklagsreglur.

Ábending kom fram að einfalda mætti framsetningu á upplýsingum, t.d. hæfi og óhæfi í verklags- og starfsreglum. Þetta eru mikið af upplýsingum og töluvert um endurtekningar. Samþykkt að setja fram breytingartillögur í lok úthlutunarferlis og leggja fyrir stjórn að endurskoða bæði verklags- og starfsreglur fyrir vorþing 2023.

Tillaga að breytingum á verklagsreglum lið 9; ...óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund. Var send til stjórnar til skoðunar fyrir ferlið vegna úthlutunar 2023.

4. Kynning starfsmanna á ráðgjöf og aðstoð við umsækjendur.

Á tímalínu kom fram að tveir almennir kynningafundir verða haldnir í fjarfundi og síðan munu starfsmenn fara um svæðið þar sem ekki er föst viðvera starfsmanna sjóðsins.

5. Önnur mál

Farið var yfir trúnað sem nefndarmenn eru bundnir og gagnaeyðslu.

Viðmiðunargjald fyrir eigin vinnu umsækjenda sem var hækkað úr kr. 4.500 í kr. 4.700 í takt við launaþróun í flokkum B5 og C5 í reglum ríkisins um reiknað endurgjald.

Lítilega var rætt um hæfi og vanhæfi nefndarmanna sem verður rætt betur á næsta fundi.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 15.00